

Góðan dag

Eftirfarandi er umsögn sveitarstjórnar Bláskógabyggðar vegna frumvarps um breytingar á lögum um virðisaukaskatt, 26. mál:

Frumvarp til laga um breytingu á lögum um virðisaukaskatt - 1909049

Erindi Umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis, dags. 26. september 2019, frumvarp til laga um breytingu á lögum um virðisaukaskatt, nr. 50/1988 (endurgreiðsla virðisaukaskatts), 26. mál, sent til umsagnar.

Umsagnarfrestur er til 10. október nk.

Sveitarstjórn fagnar því að frumvarp um endurgreiðslu virðisaukaskatts af fráveituframkvæmdum sveitarfélaga hafi verið lagt fram og hvetur til þess að það verði samþykkt. Um brýnt hagsmunamál allra sveitarfélaga er að ræða og óeðlilegt að ríkið hafi beinar tekjur af aðgerðum sveitarfélaga sem miða að vernd umhverfis og náttúru. Mörg sveitarfélög þurfa að ráðast í verulega kostnaðarsamar framkvæmdir vegna fráveitumála. Ríkið getur stuðlað að uppbyggingu hreinsimannvirkja og úrbótum í fráveitumálum þar sem þörf er á með því að taka upp að nýju endurgreiðslu á virðisaukaskatti vegna fráveituframkvæmda. Mestar framfarir í fráveitumálum urðu á þeim tíma sem slíkt endurgreiðslukerfi var í gildi.

kveðja,

Ásta Stefánsdóttir, sveitarstjóri

Vinsamlega athugið að þessi tölvupóstur